

einnir

	Bls.
Hjalti Pálsson: Vísnamál	1
Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Safnahús Skagfirðinga: Ársskýrsla 1986	8
Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skag. 1986	11
Úr Héraðsskjalasafni: Brot úr bréfum Gosa	14
Hver er maðurinn?	36

11. árgangur 1987

safna mál



Útgefandi:
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA
og
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA
SAUÐÁRKRÓKI

Gefið út með styrk úr
MENNINGARSJÓÐI
MAGNÚSAR BJARNASONAR
kennara

Umsjón:
HJALTI PÁLSSON
KÁRI JÓNSSON
KRISTMUNDUR BJARNASON

Ábyrgðarmaður:
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.
MCMLXXXVII

Vísnamál

Nokkrar vísur Gísla í Mikley

Meðan ferskeytlan var enn snar þáttur í lífi alþýðunnar á þessu landi, leyndust meira og minna hagorðir karlar og konur á flestum bæjum. Nú hefur þessi dægradvöl að mestu leyti vikið fyrir annarri skemmtan. Þótt ýmsir hafi gaman af að heyra vísu og nokkrir iðki enn vísnaverð, er hverfandi sá hluti ungs fólks, sem hefur brageyra og kann skil á stuðlum og höfuðstöfum.

Þegar talað er um hagrýðing á hverjum bæ, er auðsætt, að þar stóðu ekki allir jafnir á stalli. Nokkrir voru með eindæmum fundvísir á skemmtilegar hliðar mannlífsins og gátu meitlað hugsun sína í orð og fleygar setningar, voru sannkallaðir hagrýðingar, fleiri ortu rétt í meðallagi, áttu að

heita sæmilegir rímbaglarar og hittu stundum á góða stöku, en aðrir gátu aldrei gjört snjalla vísu, bösluðu meira af vilja en mætti.

Einn í hópi hinna betri hagrýðinga á fyrri hluta þessarar aldar var Gísli Stefánsson bóndi í Mikley í Vallhólmi. Hann fæddist 16.



Gísli Stefánsson.

september árið 1900 á Írafelli í Svartárdal, en ólst upp á Bakka í Hólmi. Um tvítugsaldur fluttist hann til Sigríðar Jónsdóttur fóstur sinnar að Mikley, þar sem hún hóf búskap 1920, og stóð fyrir búi hennar. Sigríður lézt síðla árs 1942, og eftir það bjó Gísli einn síns liðs í Mikley, en síðustu árin var hann til heimilis hjá frændfólki sínu á Stóru-Ökrum, hafði skepnur sínar áfram í Mikley og gekk þangað yfir Vötnin til gegninga dag hvern að vetrinum. Voru þær ferðir stundum vossamar, en Gísli var hraustmenni og lét sig litlu skipta, þótt hann darkaði í bleytunni allan daginn.

Gísli var maður félagslyndur svo að frá bar og gleðimaður. Hann var einn af stofnendum karlakórsins Heimis og formaður lengi, söng með kórnum og starfaði fyrir hann af lífi og sál, meðan heilsa og fjör entist. Hann hafði áhuga á leiklist og bókmenntum, einkum ljóðum, og eina bók átti hann öðrum kærari, Andvökur Stephans G. Þær voru honum sem helgur dómur.

Gísli iðkaði nokkuð bragsmíði, en flíkaði ekki mikið nema við beztu vini sína. Þrátt fyrir mannblendni og glaðværð var hann oft tregur á kveðskap sinn, helst hleypti hann vísu á flot, er hann var hreyfur af víni eða í vinahópi, en af frá að hann hefði hana yfir nema einu sinni. Var þá undir hælinn lagt, hvort menn námu eða ekki. Fáeinar lausavísur Gísla eru þó kunnar, sumar enn á ferli manna á meðal og flestar vel gerðar. Hann var vandur að kveðskap sínum og sleppti ógjarnan frá sér nema hann stæðist þær kröfur, sem hann gerði. Stundum skaut hann þó vísu af munninn fram og var hraðkvæður.

Gísli kvæntist ekki og gaf sig lítt að kvennaflangsi. Vísur hans lúta þó margar að konum, ást og gleðskap og kunnir hann vel að skopast að sjálfum sér:

Ég má kallast alveg frí
enn af kvennamálum,
þótt ég hafi ítök í
einni eða tveimur sálum.

Allir hafa þó átt sína æskuást, þótt á ýmsu ylti, hvernig úr raktist.

Gísli orðaði þetta af snilld. Vísan er til í ýmsum gerðum, því fyrsta hendingin er höfð á marga vegu, en hérna verður hún svona:

Nú er yngsta ástin frá,
aldrei festi rætur,
vakti bara bros og þrá,
bauð svo góðar nætur.

Til stúlku einnar kvað hann:

Baugarein með bjarta kinn,
sem brögnum treindir fóður.
Væri ég eini vinur þinn,
vildi ég reynast góður.

En allt er í heiminum hverfult, og það sem einu sinni var getur aldrei orðið eins aftur:

Ástin tapar yl og glans,
æskan fegurðinni,
þegar bezta brosið manns
botnfrýs einu sinni.

Á dansleik á Ökrum var saman komið kvennaþing úr nærsveitum, en þó voru þar fjarri tvær eða þrjár blómarósir úr Blönduhlíðinni, sem þá byggðu Kvinnaskólann á Blönduósi:

Hér ei brestur rauða rós,
runnar flestir anga,
en fyrir vestan, út við ós,
er þó bezt til fanga.

Ókunnugt er greinarhöfundur um tildrög næstu tveggja vísna, en þær munu samstæðar, og einhver virðist hafa farið á röngum forsendum í hjónabandið.

Hún með söng og kærleikskoss,
kjarnaföngum sönnum,
hefur löngum yljað oss
útigöngumönnum.

Lengjast driftir, lækkar flug,
lífs er klipptur forði.
En ekki er skipt um hennar hug,
þótt hún sé gift í orði.

Gísli var hófsmaður á vín, hafði þó gaman af að dreypa á flösku í góðra vina hópi. Vinið var honum gleðigjafi, en hann misnotaði það ekki og varð sjaldan drukkinn.

Ásta geiga örvar þrátt
í odda og sveig á vöku,
en guðaveigar gefa mátt
að gjöra fleyga stöku.

Sumarið 1929 var síminn lagður yfir Öxnadalsheiði. Gísli fór þangað eitt sinn með hesta að sækja fimm símamenn. Mörgum hefur þótt erfitt að henda reiður á áttum í Norðurárdal og á Öxnadalsheiði og barst þetta í tal þeirra. Gísli leysti úr þessu og lét þá fylgja smávegis frá eigin brjósti:

Hér af suðri sólin skín,
sértu villtur átta.
Senn er yngsta ástin mín
orðin þriggja náttu.

Á heimleiðinni var slegið á léttu strengi, enda mátti víða finna eitthvað til að hressa geðið og mýkja brjóstið, þótt vínbann ætti að heita í landi:

Innan brjósts mér ylur vex,
ekki er þetta lýgi.
Við höfum áður saman sex
sést á kendiríi.

Mikley stendur á bökkum Héraðsvatna vestan megin, gegnt Stóru-Ökrum. Þangað átti Gísli til vina og frænda að telja og hugurinn hefur oft leitað úr fásinninu heima austur yfir Vötn. Af hlaðinu í Mikley blasir við Blönduhlíðin og bæirnir allt um kring:

Komirðu út að kveldi dags,
klæddur á frakkann bláa.
Augun leita uppi strax
Akrahúsið gráa.

Pétur Jónsson frá Þorleifsstöðum hafði farið til Ameríku, og á samkomu á Ökrum var hann fenginn til að segja frá för sinni og mannlífi ýmsu fyrir vestan. Þegar Gísli frétti þetta, kvað hann:

Hérna yf'r í eyjunum
er ég falinn gleysku
á meðan Pétur meyjunum
miðlar vesturheimsku.

Gísli fór eitt sinn ásamt fimm öðrum félögum í skemmtiferð suður Kjöl í Hvítárnes. Þaðan var haldið í Árskarð, um Illahraun og ofan í Nauthaga, norður Sprengisand í Laugarfell og niður í Austurdal. Í þessari ferð fæddust margar vísur og birtast hér tvær þeirra. Þegar þeir félagar komu til varðmanna fram undir Hveravöllum, kvað Gísli:

Hérna hafa verðir völd,
sem við er gott að spjalla.
Þegar ég kom í þeirra tjöld,
þá var glatt á hjalla.

Á leið norður yfir Sand varð þessi til:

Nálgast trúi ég Norðurland,
nóttin búin vaki.
Af sporadrjúgum Sprengisand
spölur er nú að baki.

Öðru sinni voru menn ríðandi á ferð, þar á meðal Gísli og Þorkell á Miðsitju á brúnum klár, ungunum og óreyndum. Var þá rétt glas milli manna og segir Þorkell sem svo í glensi, að Brúnn muni nú ekki kannast við þetta. Gísli kvað á augabragði:

Brúnn ei þekkir þennan sið,
þegar á ferð er peli.
Þú þarft að fara að venj' ann
við veröldina, Keli.

Þeir Gísli Gottskálksson í Sólheimum og Vagn Gíslason á Minni-Ökrum voru mjög jafnaldra Gísla í Mikley og komnir vel á fertugsaldurinn, þegar þeir giftu sig. Höfðu þeir víða farið og dvalist langdvölum að heiman, Gísli m.a. í kennaraskólanum en Vagn við vinnu og voru enn konulausir. Loks kvæntust þeir báðir stúlkum úr sveitinni og töluðu þá gárungar um, að þeir hefðu leitað langt yfir skammt:

Leitað höfðu sveit úr sveit,
samt ei tryggðir bundu.
Í innanhéraðs eftirleit
ástina sína fundu.

Þegar Gísli var rúmlega fimmtugur, tók hann veiki, er lamaði hann áður langt um leið. Varð hann rúmfastur um það bil ár, unz hann lézt á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki 8. maí 1953. Gísli lét þó ekki bugast, en hélt sínu andlega fjöri og gáska þar til yfir lauk. Síðustu tvær vísurnar gæti hann hafa ort í banalegu sinni, en greinarhöfundur veit þó engar sönnur á því. Látum þetta verða lokaorðin:

Safnamál . 6

Ég er nú að halda heim,
haldið að ég sé gáður.
Það leikur ekki á tungum tveim,
ég tók það betur áður.

En ef skyldi af mér brá
og aftur vaxa kæti.
Mig þig ungu meyjar þá
megið eiga á fæti.

Hjalte Pálsson.

Fleygið ekki bókaslitrum, gömlum blöðum eða skrifuð-
um gögnum án samráðs við safnaverðina. Látið söfnin
njóta þess, sem nýtilegt kann að vera. Þau gera orð
skáldsins að sínum:

Ég vinn úr því, sem aðrir vilja
ekki nýta:
Í arinskerslum leynist löngum
lagleg spýta.

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga.

Safnamál . 7

Héraðsbókasafn Skagfirðinga

Safnahús Skagfirðinga

ÁRSSKÝRSLA 1986

Héraðsbókasafnið hafði sama opnunartíma sem fyrri ár, 16 stundir, 5 daga vikunnar. Mánudaga - miðvikudaga kl. 16-19, fimmtudaga kl. 19.30-22 og föstudaga kl. 14-18.30. Í júlí og ágúst var þó einungis opið á mánudögum og fimmtudögum fyrrgreinda tíma.

Lánþegar urðu alls 575, nokkru fleiri en s.l. ár (537). Barnaskírteini voru 164 (147), en fullorðinsskírteini 411 (390). Gjald fyrir lánsskírteini hækkaði í kr. 300 fyrir fullorðna og kr. 100 fyrir börn og ellilífeyrisþega. Sektargjald var einnig hækkað í 1 krónu á bók fyrir hvern vanskiladag. Reglur um lánstíma og fjölda bóka voru óbreyttar.

Þótt lánþegum hafi fjölgað nokkuð, um 7%, komu þeir sjaldnar í safnið en áður. Skráðir gestir, sem fengu lánaðar bækur urðu alls 7.836 (8.222), börn 1.897 (2.207), en fullorðnir 5.939 (6.015). Útlánnum fækkaði þar af leiðandi talsvert, eða um 7%, voru nú alls 31.174 bindi (34.397). Þau skiptust þannig niður, að barnabókaútlán urðu 6.534 (7.810), en bækur fyrir fullorðna 24.640 (26.587), sem nánar greinist í skáldsögur 18.533 (20.388), flokkabækur 6.002 (6.199), tímarit og fræðibækur af lestrarsal 69 (102) og blindrabækur 16 (22).

Lánaðir voru bókakassar í togara Útgerðarfélags Skagfirðinga,

alls 251 bindi (619), og til skóla og annarra safna fóru 205 bindi (96).

Safninu bættust alls 700 bindi á árinu og voru skráð númer í árslok 21.500. Í band fór 91 bók.

Sem fyrr urðu ýmsir til að gefa safninu blöð og bækur, og var þar stærstur hluti Árna Bjarnarsonar á Akureyri, sem gaf mjög mikið af Vesturheimsblöðunum Lögbergi og Heimskringlu. Á safnið nú t.d. nokkurn veginn heila Heimskringlu frá því um 1930 og töluvert hrafl fyrir þann tíma. Einnig gaf Magnús Gíslason frá Frostastöðum tvo væna kassa af ýmsu gumsi, sumt af því gamalt prent og merkilegt. Skrá yfir gefendur fylgir hér aftar og skulu þeim öllum færðar beztu þakkir fyrir góðhug þeirra.

SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA

Safnahúsið var fjölsóttur staður nú sem löngum fyrr. Varlega áætlað hafa 12-14 þúsund manns gengið þar um dyr á árinu 1986, þ.e.a.s. hver íbúi á Sauðárkróki hefur komið þangað 5-6 sinnum að meðaltali.

Ýmsar stofnanir, félög og einstaklingar fengu inni til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi. Fundir á vegum sýslunefndar urðu 6, bæjarstjórnarfundir 24, aðrir fundir 28, kjörfundur bæjarstjórnarkosninga 31. maí og 1 prófkjör. Ráðstefna var á vegum Menningarsamtaka Norðlendinga, Brunavarnir Skagafjarðar héldu námskeið og stjórn sjúkrahússins bauð starfsfólki til samkomu rétt fyrir jólin, þar sem félagar úr Leikfélagi Akureyrar komu með skemmtidagskrá, Dreifar af dagsláttu, samantekna í tilefni afmælis Kristjáns frá Djúpalæk.

Málverkasýningar urðu 5. Fyrstur sýndi heimamaður Sigurlaugur Elíasson í marz og Árni Elfar úr Reykjavík þegar á hæla hans. Í sæluviku kom Kári Sigurðsson frá Húsavík í boði Listasafnsins og Safnahússins. Í október hélt Elías B. Halldórsson kveðjusýningu, áður en hann fluttist af staðnum til Reykjavíkur, og loks sýndi Þórhallur Filippusson af Sauðárkróki.

Tónleikar urðu 6, þar af tvennir nemendatónleikar Tónlistarskólans á Sauðárkróki. Ennfremur lék Tim Beilby fiðlukennari, Hörður Torfason hélt konsert í nóvember, sömuleiðis Guðný Guðmundsdóttir, Gunnar Kvaran og Halldór Haraldsson og loks komu í desember Ágústa Ágústsdóttir, séra Gunnar Björnsson og Þorsteinn Gauti Sigurðsson. Auk þess hafði Tónlistarskólinn æfingatíma í húsinu tvisvar í viku yfir vetrarmánuðina.

Tveir fræðimenn dvöldust stuttan tíma í herbergi Safnahússins.

Jóna Sveinsdóttir hætti ræstingu í húsinu eftir hartnær 12 ára starf, og var ráðin í hennar stað Elsa Valdimarsdóttir frá 1. maí að telja. Annað starfslíð var óbreytt: Hjalti Pálsson bókavörður og forstöðumaður Safnahússins í fullu starfi, Kristmundur Bjarnason skjalavörður í ¾ hlutum starfs og Anna Pálsdóttir afgreiðslumaður í bókasafni í hálfri stöðu.

Stjórn safnanna breyttist á árinu. Tveir nýir fulltrúar komu inn frá Sauðárkróksbæ, þau Björn Sigurbjörnsson í stað Sigurlaugar Sveinsdóttur og Signý Bjarnadóttir fyrir Rögnvald Gíslason, en Kári Jónsson sat áfram sem formaður safnastjórnar. Fulltrúar Skagafjarðarsýslu voru hinir sömu og fyrr, þeir Kristmundur Bjarnason og séra Gunnar Gíslason.

H.P.

Skrá yfir gefendur til bókasafnsins:

Amtsbókasafnið, Brekkugötu 17, Akureyri.

Anna Pálsdóttir, Lágmúla.

Árni Bjarnarson, Lyngholti 14c, Akureyri.

Björn Björnsson og Birna Guðjónsdóttir, Öldustíg 4, Sauðárkróki.

Erla Þórdís Jónsdóttir, Hamrahlíð 1, Reykjavík.

Ingi Jónasson, Háuhlíð 5, Sauðárkróki.

Jón Hallsson, Silfrastöðum.

Jón Magnússon, Ránarstíg 8, Sauðárkróki.

Kári Jónsson, Smáragrund 16, Sauðárkróki og systkyni.

Kjartan Helgason / Ferðaskrifstofa, Reykjavík.

Kristmundur Bjarnason, Sjárvarborg.

Magnús Gíslason, Frostastöðum.

Skúli Magnússon, Vesturgötu 44, Keflavík.

Snorri Evertsson, Víðihlíð 31, Sauðárkróki.

Þór Jónsson, Saurbæ, Fljótum.

Safnamál . 10

Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1986

Árið 1986 var tíðindalítið í Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Unnið var sem fyrr við flokkun og skrásetningu handrita og skjala, svo og nafntöku, ennfremur söfnun ljósmynda, handrita og skjala, svo sem hljóðritana. Mikil vinna fór í að svara fyrirspurnum. Alls var sinnt 259 erindum utan afgreiðslutíma. Skráðir gestir reyndust samtals 606.

Fjöldi opinberra gagna var ljósritaður, svo sem dómsmálábækur og hvers konar kirknaskjöl, en frumrit send Þjóðskjalasafni Íslands, svo sem vera ber. Þótt mikið hafi verið að unnið, er þó meira ógert. Er frekar vikið að þessu efni í greinargerð ársins 1985.

Mikill fjöldi ljósmynda berst héraðsskjalasafninu árlega. Oft er sá galli á gjöf, að myndir eru ómerktar. Hér í safninu skipta nafnlausar myndir hundruðum. Þeir, sem eiga gamlar ljósmyndir, ættu þegar að rita á þær. Enginn veit, hvenær það er um seinan.

Skráin hér á eftir ber með sér, að margir hafa munað safnið á árinu, gaukað að því ljósmyndum, handritum, bókum. Tvær stofnanir veittu rausnarlega fjárstyrki: Menningarsjóður Sparisjóðs Sauðárkróks gaf andvirði ljósritunarvélar, hins bezta grips; Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga, sem ávallt hefur munað safnið, styrkti það með 30.000 kr. gjöf, sem vissulega kom í góðar þarfir.

Öllum, sem gáfu safninu gjafir, eru færðar beztu þakkir.

K. B.

Safnamál . 11

Gefendur:

Arndís Jónsdóttir, Espigerði 2, Reykjavík.
Björn Egilsson frá Sveinsstöðum.
Björn Jónsson, Bæ, Höfðaströnd.
Björn Jónsson eftirlitsmaður, Hólavegi 32, Sauðárkróki.
Björn Jónsson læknir, Swan River, Manitoba, Kanada.
Borga Jacobson, Winnipeg, Manitoba, Kanada.
Erfingjar Hannesar Hannelsar frá Melbreið, Sigríður Jónsdóttir ekkja hans og börn.
Gunnar Gíslason pr., Varmahlíð.
Guðjón Ingimundarson, Bárustíg 6, Sauðárkróki.
Guðmundur Andrésson, Hólavegi 10, Sauðárkróki.
Guðríður Brynjólfssdóttir, Hæðarbyggð 9, Garðabæ.
Halldóra Jónsdóttir, Hverfisgötu 31, Siglufirði.
Héraðslæknirinn, Sauðárkróki.
Héraðsskjalasafn Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu, Akureyri.
Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Dalvík.
Helga Kristjánsdóttir, Silfrastöðum, Akrahreppi.
Hilmar Jónsson, Raftahlíð 26, Sauðárkróki.
Hjalti Pálsson, Raftahlíð 57, Sauðárkróki.
Hlíf Árnadóttir, Sjárvarborg, Skarðshreppi.
Hólmsfríður Gunnarsdóttir, Einarsnesi 8, Reykjavík.
Hróðmar og Jón Hjörleifssynir, Kimbastöðum, Skarðshreppi.
Ingveldur Rögnvaldsdóttir, Skagfirðingabraut 26, Sauðárkróki.
Jóhanna Jóhannsdóttir, Ránarstíg 8, Sauðárkróki.
Jón Sigfússon bókbindari frá Akureyri, Reykjavík.
Kári Jónsson, Smáragrund 16, Sauðárkróki.
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki.
Kristín Bergljót Jónsdóttir, Logafold 134, Reykjavík.
Kristmundur Bjarnason, Sjárvarborg, Skarðshreppi.
Landmælingar Íslands.
Leikfélag Hofsóss.
Magna Sæmundsdóttir, Hríseyjargötu 2, Akureyri.
Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga, Sauðárkróki.
Menningarsjóður Sparisjóðs Sauðárkróks.
Minna Bang, Aðalgötu 19, Sauðárkróki.
Monika Helgadóttir, Merkigili.
Ólafur Ásgeirsson, Viðihvammi 6, Kópavogi.
Pála Pálsdóttir, Viðigrund 8, Sauðárkróki.
Páll Dagbjartsson, Varmahlíð.
Páll Sigurðsson frá Lundi, Öldustíg 15, Sauðárkróki.
Rósmundur Ingvarsson, Hóli, Lýtingsstaðahreppi.

Samband skagfirzkra kvenna.
Sigmundur Magnússon, Vindheimum.
Sigurjón Páll Ísaksson, Stóragarði 4, Reykjavík.
Sigurður Arnfinnsson, Víðimýri 18, Neskaupsstað.
Skúli Br. Steinþórsson flugstjóri, Tjarnarflöt 1, Garðabæ.
Solveig Arnórsdóttir, Útvík, Staðarhreppi.
Svava Jónsdóttir, Álftamaýri 8, Reykjavík.
Sverrir Björnsson frá Viðvík, Hólavegi 20, Sauðárkróki.
Tryggvi G. Eymundsson, Hólavegi 9, Sauðárkróki.
Ungmennasamband Skagafjarðar.
Una Pétursdóttir, Kambsvægi 3, Reykjavík.
Þór Jónsson, Saurbæ, Fljótum.
Þórný Tómasdóttir, Háaleitisbraut 44, Reykjavík.
Örnefnastofnun Íslands, Reykjavík.

SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA

SAFNAHÚSINU, SAUÐÁRKRÓKI
Sími (95)5424

Aðalumboðsmenn:

Árni M. Jónsson, Grundarstíg 1, Skr., heimasími 5128
Hjalti Pálsson, Safnahúsinu, Sauðárkróki, sími 5424

Umboð á Akureyri:

Jón A. Jónsson húsvörður, Þórunnarstræti 104, sími 26850

Umboð í Reykjavík:


Sögufélagið, Garðastræti 13b, sími 14620

Úr Héraðsskjalasafni

Brot úr bréfum Glosa

Guðmundur Þorláksson magister var kunnur maður á sinni tíð. Nú er minning hans mjög í fyrnsku fallin. Þó minntist Sigurður Nordal

hans með bókarkorni fyrir rúmum aldarfjórðungi: *Meistari Guðmundur Þorláksson*. Sá ágæti bæklingur er í fárra höndum. Hann var „jólabók“ Ísafoldar 1960, kom út í 300 eintökum og eingöngu ætlaður „vinum Ísafoldarprentsmiðju h.f. og velunnurum“. Við hann er m.a. stuðzt hér.



Guðmundur Þorláksson.

Guðmundur fæddist á Yztu-Grund í Blönduhlíð á sumardaginn fyrsta, 22. apríl 1852. Þar bjuggu foreldrar hans Þorlákur Jónsson og Sigríður Hannesdóttir prests Bjarnasonar. Þau létust, er hann var ungur að árum, Sigríður 1862, Þorlákur 1864. Systkini Guðmundar, sem á legg komust, voru: Hannes, bóndi í Axlarhaga, María, önnur kona Hjartar Hjálmarssonar, er síðast bjó á Skíðastöðum í Laxárdal, Sigríður (d. vestanhafs 1918), þriðja kona Björns Jónssonar á Sleitustöðum; Gísli bóndi á Frostastöðum, sem hér kemur mjög við sögu, því að bréfin, sem hér birtast, eru öll rituð

honum. Kona Gísla var Sigríður Magnúsdóttir bónda á Stóru-Seylu, og var frændsemi með þeim. Þau hjón voru valinkunn.

Guðmundur vakti snemma athygli sökum góðra námsgáfna. Hann var félagslyndur, ljúfur í umgengni, viðræðugóður og glettinn; hagorður.

Guðmundur gekk í Reykjavíkurskóla og brautskráðist þaðan með ágætum vitnisburði vorið 1874. Þá mun hafa verið upp genginn arfur eftir foreldrana. Þó ákvað hann að sigla til háskólanáms; las í fyrstu til eins konar kennaraprófs í málvísindum: grísku, latínu, norrænu og sagnfræði, en sneri sér síðar alveg að norrænu-námi, þótt það veitti ekki rétt til kennaraembættis í Danmörku. Mælt er, að Benedikt Gröndal hafi fyrstur gengið undir mag. art. próf í norrænum fornfræðum. Guðmundur varð næstur í röðinni.

Guðmundur lauk prófi í fræðigreini sinni 1881 með ágætum árangri. Hann vann alltaf með náminu, svo að það sóttist heldur seint þess vegna. „Hann þykir prýðisvel að sér í fornfræði og sómamaður í alla staði.“ ritar Ólafur Davíðsson.

Að loknu námi fékkst Guðmundur við ritstörf og kennslu. Árið eftir meistaraprófið ritar Ólafur Davíðsson föður sínum og læriföður Guðmundar: „Hann kennir í mörgum skólum hér í Höfn og þykir ágætur kennari. Guðmundur er ágætur drengur, en drekkur nokkuð með sprettum.“ Á haustdögum 1883 ritar Ólafur enn séra Davíð: „Guðmundur hefur ekki bragðað vín í eina 4 mánuði og vinnur eins og vargur.“

Það var margra mál, að enginn væri líklegri eftirmaður Konráðs Gíslasonar prófessors en Guðmundur, ef hann á annað borð reyndi að bera sig eftir björginni. Að vísu var Konráð enn vel ern, en að því hlaut þó að koma, áður en ýkja langt um liði, að hann drægi sig í hlé. Guðmundur virðist ekkert hafa gert til að treysta aðstöðu sína. Hann vann þó að vísu bæði mikið og vel að fræðigreini sinni og skyldum efnum með sprettum, en hallaðist æ meir að flöskunni. Hann var athvarfslaus í Höfn, félagslyndur í bezta lagi og eftirsóttur af lagsbræðrum, skemmtunarmaður mikill og prúðmenni, þótt hann væri við skál. Svallbræður sátu um hann. Hjá þeim hlaut hann auknefnið *Glosi*, sem við hann festist, og notaði hann það

reyndar oft sjálfur. Enn ritar Ólafur séra Davíð, föður sínum, í marz 1884: „Aftur eru engar gleðifréttir af gamla lærisveini þínum, Glosa. Hann er svo hneigður til drykkjuskapar, að ég held að honum sé varla viðreisnar von. Hann drekkur reyndar ekki svo mikið núna . . . og hefur jafnvel ekki gert það síðan ég kom hingað, en ég held samt, að hann sé búinn að lifa sitt fegursta. Hann er orðinn svo latur og vita framkvæmdalaus, að bókmenntafélagið hefur t.d. beðið eftir handriti hjá honum í ein þrjú ár. . . . Það er mikill skaði að missa hann úr tölu dugandi manna, því hann er beztu drengur og duglegasti vísindamaður í sínu fagi, ef hann nennti eða kannske réttara sagt hefði energi til að starfa eitt-hvað. . . .“

Þetta er að vísu nokkuð harður dómur, því að Glosi vann alltaf fyrir sér. Honum var og sjálfum fullljóst, að hann hafði sumpart brugðizt vonum sjálfs sín og annarra og varð það að yrkisefni:

Dynja élin mörg á mót,
mínum kosti er þröngva,
hrynja þétt um hausamót,
en hreystina ber eg öngva.

Ógæfa borgar öll sín gjöld,
allir þótt við sporni.
En auðnan mætir ekki um kvöld,
ef út er vísað að morgni.

Ekki liggur mikið frumsamið á prenti eftir Guðmund. Áður en hann lauk námi, samdi hann t.a.m. Skírni 1876, bjó til prentunar I. b. Íslenskra fornsagna og studdi Finn Jónsson myndarlega við útgáfu II. bindis. Gyðinga sögu bjó hann til prentunar og margt mun hann hafa unnið á annarra vegum á þessum árum, þótt nafns hans sé lítt eða ekki við getið, en mikið var til hans leitað af innlendum og erlendum fræðimönnum.

Að prófi loknu kom prófritgerð hans út, ef til vill lítið eða ekki breytt og fellur því undir störf hans á skólaárunum. Í Almanaki

Hins íslenska þjóðvinafélags 1882 og í næstu árgöngum getur og greina eftir hann. Guðmundur gaf og út Hirðstjóra annál í Safni til sögu Íslands II, einnig ritaði hann grein í Smástykker. Eftir að Hirðstjóra annáll kom út 1886, birtist ekkert undir nafni Guðmundar. Þó mun auðsætt, að hann kom víða við sögu, sem hjálparhella annarra, eins og fyrr segir, og verður ekki rakið hér, enda vandhæfi að sjá, hve stór hlutur hans hefur í raun verið í verkum þeirra, sem til hans leituðu.

Eftir að hafa dvalizt 22 ár á Hafnararlóð, hélt Guðmundur heim til gamla Fróns, settist að í Reykjavík. Þar sinnti hann ýmsum ritstörfum, einkum prófarkalestri, fyrir Björn Jónsson ritstjóra Ísafoldar, og var til húsa hjá honum 1896-1899 eða meðan hann vann í Ísafold. Björn vildi gera Glosa að bindindismanni, féll honum því vistin heldur þungt og hvarf að öðrum störfum um aldamótin. Hann tók að sér að afrita forn handrit á vegum Landsbókasafns. Við handritarastarfann naut Guðmundur meira frelsis, gat brugðið sér frá og „bayerað“. Þá lá sem fyrr leiðin oft til Benedikts Þórarinssonar, hins kunna menningarmanns og brennivínssala, er Háskóli Íslands gerði síðar að heiðursdoktor. Hann reyndist Glosa góðvinur.

Oft varð Guðmundi féskyllt um dagana, jafnvel svo að hann átti ekki fyrir bjórkollu. Þá rann fátæktin honum til rifja. Má nokkuð marka þetta af því, að hann lét eitt sinn á Hafnarárum að því liggja, að til væri frá hans hendi brot af rímu um för Þórs til Útgarða-Loka. Hann hafði raunar að eigin sögn aðeins lokið við 13. vísu í 15. rímu í bálki þessum og dró dæmi af sjálfum sér mælandi fyrir munn þrumugudsins:

Aftur á móti anzar Þór,
óttalega linur:
„Áttu ekki fyrir einum bjór,
elskulegi vinur?“

Eftir 32 ára fjarvistir hvarf Guðmundur norður á æskustöðvarnarnar, á vit bróðursonar síns, Magnúsar H. Gíslasonar, því að látinn

var þá Gísli bróðir hans (1903). Magnús var „einhver mesti bústólpi á Norðurlandi“, virtur og vinsæll. Ungur að árum var Guðmundur mikill áhugamaður um búnað, svo sem bréf hans bera ljóst vitni, má því ætla, að dagnaður bróðursonarins hafi glatt hann.

Þau ár, sem Guðmundur átti ólifðuð, veitti hann unglíngum til-sögn og tókst fágætlega vel, vann og að ritstörfum í fræðigreini sinni, og liggur mikið eftir hann á því sviði frá síðustu árum hans, en hefur ekki birzt á prenti.

Guðmundur blótaði ekki Bakkus að ráði, eftir að hann fluttist á ættstöðvarnar; þægi hann dropa fór hann með af stakri prúð-mennsku. Hann naut vináttu og virðingar þeirra, sem hann skipti við.

Greinamerkjasetning er nokkuð á reiki í bréfunum, en er haldið hér að mestu leyti.

K.B.

Reykjavík 28. apríl 1873

Elskulegi bróðir minn!

Lítið er héðan að fréttu, nema samsætin á afmælisdag konungs. Eitt var haldið hér í skólanum, og bar lítið markvert við fyr en mæla átti fyrir skál landshöfðingja. Þá fóru allir að fussa, og tvö glös komu á fleygiferð, sem fara áttu í höfuð ræðumannsins, en annað hitti glas hans, en hitt kom í höfuð annars pilts, svo hann skeindist á enni. Þetta kom til eyrna landshöfðingjans, og varð hann svo reiðr, auminginn, að hann tók af oss þá 50 rd. sem vér ávalt höfum haft til veizluhalds, og bar hann fyrir, að piltar hefðu mátt til að vera fullir, er þeir skyldu gjöra þetta. Kennarar hefðu heldr eigi haft nóg eftirlit á piltum, en þetta hvortveggja er alveg ósatt, því að piltar eru í bindindi fyrir öllu víni, nema rauðvíni, sem ekki getr gjört neinn mann fullan, hversu mikið sem drukkið er. En hann gat ekki séð, að vér vildum ekki hafa landshöfðingja, heldr en aðrir landar vorir, og drukkum ekki skál hans vegna þess. Annars er hann sjálf

Safnamál . 18

ekki til þess lagaðr að laða menn að sér, því að hann er allt annað en vænn maðr. Kennarar skólans ætla að skrifa á móti honum, því þeim gremst, sem von er, hvílíkar getsakir hann ber þeim á brýn; fær hann því að ætlun minni sína vöru selda, eins og hann á skilið.

Ég sendi þér Göngu-Hrólf, það er exemplarið, er út kom seinast, því ég hugsa að þér kunni að þykja gaman að sjá það. Jón Ólafsson gengr raunar nokkuð langt, en þetta er þó flest beisk sannindi, sem landshöfðinginn náttúrlega þolir miklu ver en lýgi. Heyrst hefir eftir þeim herrum, að mál mætti hefja á móti Jóni fyrir þetta númer af Hrólf, og er hætt við að frelsi hans fari þá að minnka, því hann verðr líklega látinn í varðhald, ef það fellr á hann, og hann verðr eigi kominn burt. Þetta númer af Hrólf ætla ég að biðja þig að láta sem flesta sjá og lesa og mäske senda um héraðið. Merkið > sem þú sér fyrir framan borgari, þýðir að sá sé broddskytuborgari eða hrákasypja stjórnarinnar, og er það almennt nafn hér á þeim flokki. Mikið hlökkum vér til í vor, er Norðlendingar koma á Þingvalla-fund, og vonast ég eftir, að þeir gjöri eitthvað mikið og beygi ekki kné sín fyrir hálfðönskum landshöfðingja, sem vill kúga þá. Líka vonast eg eptir að sjá einhvern Skagfirðing á fundinum, sem elskar ættjörðu sína, og vill láta hana bera sigr úr býtum.

Eg kærlega [svo] að heilsa og kveð þig svo með óskum alls góðs.

Bróðir þinn:

Guðmundr Þorláksson.

Reykjavík 24. 3. 1874

----- Þú biðr mig að skrifa þér um skólalíf mitt í vetr, og það get eg gert, eftir því sem eg má. Það er félag hér í efri bekkjunum og hefir staðið síðan í haust. Áðr var hér og félag, sem allir voru í, en það gekk ekki vel, sökum þess að margir voru, og margir sem sögðu allt það, er til bar á fundum hverjum þeim sem hafa vildi, enda þótt þögn væri viðlögd.

Safnamál . 19

En í haust tóku sig nokkrir menn saman, og meðal þeirra var eg einn, og skiptum þessu félagi og mynduðum annað nýtt, og voru ekki teknir í það nema helztu menn úr efribekkjunum. Og það er mér óhætt að segja að í okkar félagi eru beztu menn skólans. Ekki má eg segja þér neitt nákvæmar frá þessu félagi því þá brýt eg loford mín. Þeim sem ekki voru teknir í félag vort gramdist þetta og tóku sig til og mynduðu nýtt félag; ekki veit eg neitt um það félag því eg er ekki í því, en það sem eg veit er það að minnsta kosti gengr miklu ver en okkar félag og ekki nóg með það, það er næstum óvinátta á milli, og eg er einn sem verð fyrir þessari óvináttu þeirra, en eg læt það mér í léttu rúmi liggja þótt svo sé, og það getr aldrei gert mér neitt til. Eg ætla að biðja þig að geta ekki um þetta við nokkurn mann annan en frændfólkið heima því eg vil ekki að það spyrjist eptir mér að eg hafi sagt frá félögum þeim og sundrlyndi sem er í skólanum.

Póstskipið kom í fyrradag, og með því kom Jón Guðmundsson málaflutningsmaðr og síra Matthías Jökumsson. Matthías sagði brauði sínu lausu . . . og ætlaði alfarinn af landi hér, sagt er að orsökkin til þess hafi verið sú, að stúlka ein upp á Kjalarnesi hafi verið orðin ólétt af hans völdum. Sem sagt hann ætlaði alfarinn, en á leiðinni samdi hann svo við Jón Guðmundsson að Jón seldi honum Þjóðólf fyrir 900 dali. Það var dágott matarkaup. Þessa 900 dali hafði Englendingr eptir sögn gefið honum. Gaman verðr að sjá Þjóðólf núna, þegar Matti er farinn að gefa hann út, maðr sem enga fasta skoðun hefir og hver getr hrært í eins og hann vill. Víkverji er helzta blaðið núna hér í bænum og er allvel gefinn út. Hann kemur út á hverjum virkum laugardegi og hefir alþjóðlega stefnu. Hann er að gefa út Íslendingabók Ara fróða og fær maðr örk og örk af henni fyrir ekki neitt með, ef maðr kaupir blaðið. Jón ritari er sérlega duglegur maðr, íslenzkr í anda og það meira en nokkur annar embættismaðr hér í bænum. Hann er fæddr í Danmörku, en kallar sig þó Jón Jónsson. Johnsen hét hann áðr. Titill hans var áðr sekreteri, en hann kallar sig ritara. . . .

Elskulegi bróðir!

Eg þakka þér ástsamlega fyrir bréfið þitt hið síðasta, og vil eg nú bróðir minn rita þér til langt og mikið bréf, því að nú hefi eg margt og mikið í höfðinu, og margt að segja þér. Það er líka von, að eg sé farinn að hugsa, því að nú fer eg að taka prófið bráðum, og þá byrjar annað og nýtt líf fyrir mér. Þá þarf eg ekki lengr að vera bundinn hér við skólann, og þá þarf eg að fara að búa mig undir lífsstöðu mína. Eins og eg hefi sagt þér áðr, get eg ekki orðið prestur, og læknir vil eg ekki heldur vera, eg vil sigla og reyna að komast þar áfram, eg vil lesa málfræði, því að eg er mest hneigðr til hennar. — Margir heldri menn hér í Reykjavík hafa og ráðið mér til þess að reyna það, þótt eg fátækr væri, svo sem Jón Þorkelsson¹, hann segir mér ekkert hentara. Steingrímur Thorsteinsson hefir verið mér mikið vel, og eg er opt heima hjá honum. Hann hefir ráðið mér að reyna að sigla, ef eg sæi nokkra vegi, og hans orð met eg mjög mikils í þessu. Jón landshöfðingjaritari Jónsson hefir og sterklega ráðið mér til þess. Þessum manni kynntist eg fyrst í haust, og síðan hefir hann haldið mjög mikið af mér og eg náttúrlega af honum. Hann er raunar fæddr í Danmörku, en hann kallar sig Íslending, og er það líka. Hann vill Íslendingum vel og vill reyna að gjöra gagn, en staða hans leyfir honum eigi að neyta vilja síns. Hann gefr út blaðið Víkverja, og skaðast mikið á því, en hann telr það eigi, ef það geti gert gagn. Hann er einhver sá duglegasti maðr, sem eg þekki, og hefir það sýnt sig í öllum gjörðum hans. Hann segir, að maðr, sem hafi einbeittan vilja, og ekki slái sér út, geti verið viss um að komast áfram, enda þótt hann hafi lítil efni. En einkanlega er það þó vilji sjálfs míns, er knýr mig í þessu efni, og ekki held eg, að eg verði í rónni, fyrr en eg kemst á háskólann. Ef þú vilt heyra meira, þá vil eg ekki ganga aptr á bak héðan af, heldr taka embættispróf í málfræði á háskólanum, verða kennari hér við skólann, og svo loksins yfir-

¹ Jón Þorkelsson (1822-1904) málfræðingur, rektor Reykjavíkurskóla.

kennari eða rektor, ef hamingjan leikr mér í lyndi. Þetta er ef til vill nokkurt hugmyndaflug, en hver veit nema þetta geti orðið, hver veit nema eg geti einhvern tíma tekið ættingja mína einhverja og komið þeim í skóla? Ad þeir ættingjar mínir verði til, eða séu til, það veit eg, því að enginn hefir ógreindr verið í okkar ætt; svo mikið ættardramb hefi eg, og svo mikið skal verða, ef eg lifi og verð maðr. En ef eg get ekki orðið málfræðingr, þá vil eg líka helzt vera bóndi, því að það tel eg einhverja hina hamingjusömustu og frjálsustu stöðu, að vera gildir og góðr bóndi í sinni sveit. . . .

Eg hefi látið taka til mín í skóla, og fyrir það hefi eg verið virtr og með í, og jafnvel stundum fyrir, flestum fyrirtækjum pílta. . . . Enn vildi eg tala við [þig] um nokkuð, og það er um þjóðhátíðina í vor. Ætlið þér Skagfirðingar að halda hana 2. júlí eða ekki fyrr en í ágúst . . . , þá verð eg líklega með, en í júlí verð eg náttúrlega ekki kominn. En hvað um það, það gerir ekki annað til en eg hefði talað eitthvað, sem víst hefði ekki verið mikill matr í. Hvernig ætlið þið að halda hana? Eg skal nú segja þér, hvernig eg hefði viljað haga til. Ef það verðr messað á Flugumýri, þá verðr víst flest sóknarfólk við kirkju, en lítið þykir mér að halda guðspjónustu eina, og tala ekki neitt um landsins gagn og nauðsynjar. Nú vildi eg haga þannig til: einhver þurr og fallegr staðr væri ákveðinn til samkomu, svo sem á Hestavígshamri eða á grundunum fyrir utan Flugumýri, eða einhvers staðar, er mönnum kæmi saman um. Þar væri reistar upp 4 súlur og tjaldað yfir, því næst væru bekkir settir meðfram hliðunum til að sitja á, og síðan væri ræðustóll settr í miðjunni, og þar ætti sá að sitja, sem tala vildi. Einn eða fleiri skyldu forstöðumenn vera, og skyldi sá eða þeir halda reglu á fundinum. Þar skyldi tala um Ísland, og um þjóðhátíðina, þar skyldi tala um stjórnarlögin, og um ýms þau velferðarmál, er menn vildu koma áleiðis, svo sem laga-skóla, gufuskipaferðir kringum land, ullarverksmiðju og svo frv. Bezt væri og, ef það væri hægt, að geta drukkið skálar, og halda almenna veizlu, sem allir tæku þátt í. Þá þyrfti að halda fund og velja forstöðumenn til þess, er hafa skyldu allt á reiðum höndum. Fundinn þarf að halda hvort sem er, ef annars nokkuð á að gjöra. Bezt væri að forstöðumenn Þjóðvinafélagsins gengjust fyrir þessu

hver í sinni sveit, og einn af þeim ert þú. Elskulegi bróðir, hugsaðu út í þetta, og láttu þjóðhátíðina verða eitthvað hátíðlega. . . .

Með ástarkveðju, og beztu óskum

bróðir þinn

Guðmundr.¹

Kaupmannahöfn 7. nóv. 1874.

Elskulegi bróðir!

Nú er eg kominn til Hafnar, og það með heilu og höldnu. Eg var 7 vikur á leiðinni og má heita nýkominn. Það var löng og leiðinleg ferð, en eg þykist nú góðr að vera kominn hingað og er strax byrjaðr á að lesa. Ekki fékk eg Garð, því að hann var veittr, nema eitt pláss, sem á að veita við endann á þessum mánuði. . . . Dýrt er að lifa hér og hefði eg aldrei trúað, að það væri eins dýrt, og einkum er dýrt húsnæði og matr. . . . Við búum 4 saman Íslendingar og höfum 2 herbergi. Við það verðr húsaleigan ódýrari fyrir hvern. . . . Við borðum heima kveld og morgna, og við það spörum við dálítið; við nfl. kaupum brauð og ost og smér og höfum svo enga vökvun, það þurfum við heldr ekki, ef bara matrinn væri ekki eins vondr. Mikill

¹ Sumarið 1874 stofnaði Guðmundur félag ungra manna í átthögum sínum og nefndist það *Huginn*. Tilgangurinn var „að efla þekkingu í bóklegum efnum, einkum í bókmenntum Íslands, efla samheldni og styðja að framförum í stjórnlaga stefnu eftir fremsta megni“, eins og segir í lögnum. Í þeim er líka kveðið svo á, að „að því leyti sem tilgangur félagsins er í stjórnlaga stefnu, skal halda honum leyndum og eins framkvæmdum, sem gjörðar eru í því efni, eftir því sem þörf gjörist“. Þar eð Guðmundur fór utan haustið 1874, lét hann brátt af „forseta störfum“, en við þeim tók Þorvaldur Arason, síðar bóndi á Viðimýri. Guðmundur var eftir sem áður ráðgjafi og útvegaði félögum bækur. Nú mun aðeins vera kunnugt um tvo félagsmenn að slepptum þeim, sem nefndir hafa verið: Rögnvald Björnsson, síðar bónda í Réttarholti, og Jón Pétursson frá Bjarnastöðum, síðar bónda í Holtsmúla; fluttist vestur um haf 1883.

asni var eg að fara ekki með meiri mat. Það hefði sparað mér mjög mikla peninga, en eg var ekki þessu nógu kunnugr, og of seint, þegar eg tók það í höfuðið. Eg er, eins og eg hefi drepið á, farinn að ganga á fyrirlestra, og farinn að lesa, en það þarf tímann fyrir sér, áður en eg verð búinn. Annars hefir mér liðið vel hér, síðan eg kom, nema hvað mér þykja peningar mínir ganga fljótt upp, því að allt er svo dýrt, sem til þarf að kosta. Bót var þó í máli, að kapteinninn, sem eg fór með, var billegr, og lét ekki far og kost í 7 vikur kosta meir en 24 rd. . . .

Garði 2-1 6. júlí 1875.

Þið hjónin haldið uppi sóma ættarinnar, vona eg. Eg vildi líka gera það sem eg gæti, en þú veitst nú, að það fer að verða vafamál, og þó eg yrði enginn þynningr, þá má hamingjan ráða. Eg elska ættmenn mína, það hefir verið ættarmark, og eg vildi óska, að mér heppn- aðist að sýna það einhvern tíma. — En nú fer eg enn meir að tala lágt við ykkur hjónin. — Ef mér hepnast að ná í stúlkuna norðan frá firðinum (þið munið hana) — þá vona eg að hagr minn framvegis verði ekki bágr. Eg verð konuvandr, ef eg get lokið mér af, því eg er drambsamr eins og fleiri ættmenn mínir, — og sé minn hag. Eg má ekki eiga fátæka stúlkur eftir alt það.

Nú fyrir nokkrum dögum gekk eg undir próf í heimspeki hér við háskólann, og gekk mér það mjög vel, því eg fékk „ágætlega“, en hærra gefst ekki . . . Þetta er óvanalega gott, þegar enginn fékk slæman vitnisburð. . . .

Eg er fastráðinn í að reyna að taka embættispróf í málfræði, en guð má vita hvort mér auðnast það, því eg finn nú enn þá betr en áður, hve fátækr eg er. Hins vegar er það, þó svo skyldi nú fara, að eg næði ekki prófi, getr aldrei héðan af hjá því farið, að eg geti ekki borgað þá [svo], því að epr þetta get eg fengið einhverja stöðu til þess. Það er aðeins eitt, og það er að deyi. Það er það eina, sem kemr mér til að hika. . . .

Safnamál . 24

Það sem átti að vera fyrst í bréfinu verðr nú seinast, nfl. að þakka þér fyrir þitt ástkæra bréf og ykkur af hjarta fyrir sendinguna. Mér kom hún vel, því að sokkar slitna hér fljótt, en þjónusta ill hjá flestum. Mér hafa raunar verið sendir tvennir frá Reykjavík, frá frú Thoroddsen, en eg er næstum búinn að slíta þeim mörgum upp.

Eitt hefir sparað mér peninga, og það er að eg hefi komizt seinni partinn í vetr í kunningskap við íslenzka konu, sem hefir þvegið fyrir mig, án þess að taka neitt fyrir, nema eg hefi sagt til dóttur hennar í þýzku. Hún er systir Halls Ásgrímssonar¹ og dávæn kona. Dóttir hennar er lagleg, en til allrar óhamingju brá hún sér til að trúlofast hérna um daginn, svo eg held að þýzkukennslan fari að fara út um þúfur. . . .

Lifið þið vel, ástkæru hjón, lifið þið vel.

Ykkar elskandi frændi:

Guðmundr.

Kaupmannahöfn 1875²

Elskulegi bróðir!

Með hryggð hugsa eg til þess að vera skilinn frá þér og ykkur svo langan tíma, en eg vildi þó óska, að mér endist tími til að vera hér, eins lengi og eg þarf. Mér hálfvegis leiðist hér á stundum, einkum þegar eg hugsa til þess, að vera heima hjá þér, og tala við ykkur frændfólkið heima á mínu kæra Íslandi. Aldrei finnr maðr, hvað það er, að elska ættjörðu sína fyr en maðr er með öllu skilinn frá

¹ Hallur Ásgrímsson Grænlandsfari, síðar kaupmaður á Saudárkróki, lézt í Vesturheimi. Systir hans, sem hér um ræðir, var Málfríður Anna Margrét, búsett í Kaupmannahöfn og mun hafa látizt þar.

² Dagsetningu vantar.

Safnamál . 25

henni og öllum ástvinum og er í ókunnu landi, þar sem enginn þekkir mann og maðr engan, og önnur tunga er töluð en manns egin. Eg kalla svo hér, þótt nokkrir landar séu hér, sem eg fáa þekki, og sízt sem vini. Þeir hafa raunar verið mér góðir það sem af er, einkum Jón gamli Sigurðsson og Edvald læknir Johnsen, sem einu sinni var á Akureyri. Eg kem æði opt til Jóns Sig. á kvöldin og þykir mér það góð skemtun, en Edvald hefir boðið mér að borða hjá sér middagsverð einu sinni í viku eða jafnvel optar og þygg eg það eins og þú getr nærri.

... Ekki fékk eg Garð og ekkert pláss var laust fyr en í marz-mánuði. En af því að eg hafði beztan vitnisburð frá skólanum, þá fékk eg styrk, þangað til eg fengi Garð, og eru það 12 rd. um mánuðinn. Það fékk enginn annar en eg, og þótti mér sem það væri þó lán úr óláni.

Dýrt er að lifa hér og aldrei held eg að eg hefði lagt út í þetta, ef eg hefði vitað það eins og það er, húsaleigu fyrir einn er ómögulegt að fá fyrir minna en 8 rd. um mánuðinn og þykir jafnvel gott. Eldivið þarf maðr að hafa, ef maðr á annað borð les, fyrir 2 rd. um mánuðinn. Þjónustu eða réttara sagt þvott fyrir aðra 2 rd., og svo eru nú bækurnar, og það er næstum verstí peningaþjófrinn, og svo allur matr.

Eg ætla að tala um hann dálítið, því að hann er aðalatriðið fyrir okkr stúdentum hér.

Fyrst þegar eg kom, borðaði eg hjá konu einni hér, sem margir landar borða hjá, þó aðeins miðdagsmat, og kostaði það 7 rd. um mánuðinn, þó að undanteknum sunnudögum. Þá varð maðr að borða annarsstaðar. Þetta þótti löndum ódýrt, en mér fannst annað, og rauk frá kerlingu eftir hálfan mánuð og borðaði miðdegismat annarsstaðar fyrir 16 sk. á dag. Það er það ódýrasta sem maðr getr fengið hér, enda er matrinn ekki mikill. Þar hefi eg borðað öðruhvoru síðan, málamat borða eg hjá sjálfum mér, þannig að eg kaupi mér brauð og smér og ost, og hefi svo hönd yfir öllu sjálfr. ...

Nokkrir eru hér af nýkomnum og gömlum löndum, sem hafa kjöt og smér og kæfu að heiman. Þeir lifa hér eins og blóm í egg, og liggja við að mig langi stundum í kjöt hjá þeim. ... Nú er eg búinn að

hugsa mér að skrifa til ýmsum heima ... og biðja þá alveg eins og beiningamaðr biðr góða vini sína og aðra um dálítið af kjöti, sméri, kæfu, fiski eða einhverjum ísl. mat, sinn um hverja ögnina af hverju.

... Það er þá bezt að eg fari að tala dálítið um Höfn, og Baunmörk, sem eg er nú í. Veðráttufar hér er ekki gott, að mér þykir. Þegar kuldi er, þá er hann svo bitr að hann ætlar að nýsta mann sundr, eg vil heldr 20 gráða frost heima en 5-8 gráða hér ... Bærinn er sjálfr fallegr, beinar götur og stórar byggingar; húsin hér eru með 6-7 loptum og er það afar hæð. Margar fameliur búa í sama húsi og þekkjast ekki, þó þær búi þannig árum saman, ef það er ekki af öðrum atvikum. Eg hefi enn eigi gengið um allan bæinn, og ekki líkt því. ... Þegar dimmir eru göturnar lýstar upp með gasi, svo að það er næstum eins bjart eins og um albjartan dag. Það þekkir maðr ekki heima. Í kjöllurunum eru vanalega veitingastaðir, og fyrst þegar maðr lítr Höfn, sér maðr næstum ekki annað en þá. Eg hugsaði líka fyrst, að Höfn væri ekki annað en ein stór knæpa, en þegar maðr fer að kynnst, gáir maðr minna að þessháttar hofum.

Eg hefi komið hér á ýmsa staði, sem mikið er að sjá, einkum á gripasöfnin, sem maðr fær að sjá ókeypis: Það er þá fyrst Thorvaldsens Museum eða allar myndastyttur Thorvaldsens, landa okkar og sveitunga. Þær eru sumar úr marmara, en sumar úr gipsi, ógurlega vel gjörðar. ... Þá er forngripasafnið norræna, og er þar margt að sjá, sem viðkemr okkur. Þar er meðal annars öxin Rymmugýgr, er Skarphéðinn átti. Hún er með skarð í eggina og heldr stór og þung. ...

Á skemtigötum hér fyrir utan sjálfan bæinn eru tré gróðursett báðumegin, og greinar trjáanna fléttast hver í aðra, svo að hvorki vindr, regn eða sólskin nær að komast að. Það mega með réttu heita forsælugötur. En hér vantar fjöllin okkar heima, og enga tilbreytingu er hér að sjá. Það sem maðr sér einusinni, það sér maðr aptr; sumir Danir, sem eg hefi talað við, bera varla skyn á, hvað fjöll eru. Einn spurði mig, hvort fjöllin hjá okkr væru hærri en Sívali turn hér, og þegar eg sagði honum, að þau væru margfalt hærri, hrysti hann höfuðið. Eg held hann hafi ekki trúað mér. ...

Höfn, 10. ágúst 1875.
Regentsen 2. Gang No 1.

Elskulegi, ástkæri bróðir!

Hamingjan sé ávalt þinn förunautr og styðji þig og styrki æfinlega. Bágt þótti mér að heyra, hve litla von þú hefir um heyskapinn á ósunum í ár. Ekkert verra tjón getur komið fyrir búandi manninn en það. Blessaðr! Skrifaðu mér í haust, hvernig þú heyjar.

Sjálfum mér líðr þolanlega enn, en aldrei hefi eg samt átt eins bágt og í sumar. Eg er kominn í þó nokkrar skuldir fyrir mat, sem eg hefi borðað, og hefi þó lifað sparlega, og eg veit ekki, hvernig eg slepp úr þeim. Elskulegi bróðir! hertu á Hirti mági í hófi, að hann sendi mér dálítið af peningum í haust eða sumar. Eg trúi varla öðru en hann geri það, eptir því, sem hann hefir skrifað mér. Og þig vil eg enn biðja, elsku-bróðir, að gefa mér eitthvað dálítið af mat, einkum kjöt og smér, og ef hægt væri, ofboð lítið af skyri. Það verður erfiðast með útbúninginn, því að hann þarf að vera góðr, svo loptheldr sem unt er og ekki í blikilátum. Það væri líklega bezt að koma því með Poppsskipinu í Króknum. Ef eg nú fengi dálítið frá Hirti og mat frá þér, vonast eg eptir að komast af í vetr, einkum ef eg gæti unnið mér nokkuð inn. Með nærföt er eg byrgr, en miðr með sokka, því þeir eyðast hér mjög.

Viðvíkjandi kenslu, vonast eg heldr eptir að geta fengið hana nú, af því álit mitt hefir heldr vaxið við prófið, sem eg tók, og svo get eg ef til vill, skrifað eitthvað fyrir Bókmenntafélagið, og fengið borgun fyrir. Jón Sigurðsson er mér mjög innan handar, og hann ræðr þar mestu, eins og edlilegt er. . . .

Eg bið af ást og frændskap og elsku að heilsa konu þinni og syni, frændfólki mínu í Koti, Djúpadal, og eins að Flugumýri og víðar og víðar og vinnufólkinu þínu.

Vegni þér og ykk æfinlega svo vel sem eg, bróðir þinn, fæ óskað og óska daglega. Eg trúi heldr ekki öðru en það uppfyllist, sem eg

bið um mest af öllu. Heldrðu það ekki líka? Ó, að eg gæti einhvern tíma sjálf líka miðað til þess!

Vertu sæll, bróðir, verið þið sæll!
Þinn elskandi bróðir:

Guðmundr.

Höfn 25. sept. 1875

Elskulegi bróðir minn!

Guð haldi sinni verndarhendi yfir þér og þínum ávalt. Eg hefi fengið 2 bréf frá þér núna, elskubróðir . . . Ekki get eg í ljós látið þakkir þær, sem hjarta mitt geldr þér. Eg flýg upp um hálsinn á þér og ykk og þakka þér. Eg fékk 100 krónur frá þér með Sigurði, og það hefir, ef eg mætti svo að orði komast, hafið mig í 7. himin, og meir að segja losað mig úr skuldunum, sem eg var kominn í hérna . . . Eg hoppa upp af gleði og finn engin orð til að þakka þér, nema þessi: Guð launi ykk, og Guð gefi mér, að eg gæti einhvern tíma fengið tækifæri til að endrgjalda ykk. En það, sem mest hryggir mig, er það, að þú tekr þér í mein, og þetta alt saman verðr ykkur til hnekkis . . . Ekki er eg í neinum vandræðum með nærföt eða þessháttar, því að þeim eyði eg lítið vegna þess, að eg geng nærbuxnalaus á sumrin. Engin spjör er enn þá orðin ónýt, sem eg kom hingað með frá ykk, nema sokkar. Þeir eru flestir búnir eða um það. Eg hef fengið tvenna sokka að gjöf í haust, auk þeirra, sem þið senduð mér, og var það frá frú Thoroddsen, ekkju¹ Jóns heitins Thoroddsens, og kom mér sú sending mikið vel. . . .

Eg hefi breytt dálítið því, sem eg ætlaði að lesa, og tek fornfræði fyrir helztu vísindagreinina, og svo fleira með og er því í rauninni ekki latinskur fílólog, en get alt að einu komizt að embætti seinna eða

¹ Kristín Olína (1833-1879) Þorvaldsdóttir umboðsmanns Sívertsens í Hrapppsey.

kannske betr, þegar eg hefi tekið próf. Eg held líka, að eg verði fljótari, ef eg hefi þessa aðferðina, en hina, og þykir mér þetta líka miklu skemtilegra, og kostar mig færri bækr, því eg fæ þær flestar gefins fyrir tilstyrk Konráðs Gíslasonar, sem nú er orðinn góðr vinr frænda síns....

Höfn 29. febr. 1876.

Mér hefir liðið vel í vetur, en haft mikið að gera. Það gerir heldur ekki annað en hressir mann upp. Eg var valinn í haust til að skrifa Skírni og á að skila talsverðu af honum nú við þessi mánaðarmót, svo eg hefi afar nauman tíma til bréfaskrípta . . . Gufuskipaferðir komast á í kring um landið í sumar eða að minnsta kosti er það ákvarðað, og þá er hægra að koma sendingum og öðru. Það er líka nokkur framför fyrir oss. Það er eins með það og margt annað, að ef menn styrktu nóg Þjóðvinafélagið, myndum vér geta komið mörgu fleiru góðu til vegar, en ella. Í öllum bænum, elskulegi bróðir, reyndu að styrkja það sem mest þú getr, eins og þú hefir gert. Á síðasta Þjóðvinafélagshólfundi hér var eg einn af þeim, sem kosnir voru inn í Andvaranefndina, þótt eg sé lítt fær og ungr til þess starfa. Það sýnir, bróðir, að eg er þó nokkurs metinn hér meðal eldri manna. Ekki satt? Nýlega höfum vér hér myndað í Höfn nýtt félag, sem heitir „Íslendingafélag“. Það er mark þess og mið að halda við ísl. tungu og halda löndum hér í Höfn saman með ýmsum síðsömum skemtunum. Flestallir landar hér í Höfn, æðri og lægri, eldri og yngri, eru komnir í það. . . .

Þú ert hræddr, bróðir, að eg hafi engan atvinnuveg framvegis, fyrst eg tók þetta fyrir. Það er ekki. Eg hefi jafnvel miklu fleiri útsjónir til að komast að latínuskólanum og öðru með þessu móti, og miklu meira álit. Þú veizt, að eg vil verða dálíttill vísindamaðr, og kannske hamingjan gefi eg verði það. . . .

Safnamál . 30

Höfn 6. júlí 1876.

Um Ameríkuferðirnar þykir mér ilt og grátlegt að heyra. Eg er svo stækur á móti þeim að álit [svo] gustukaverk að stytta þessum strákfjanda Sigtryggi¹ stundir, áður en hann hefir með öllu eyðilagð hamingju margra manna. Slíkir karlar ættu engan rétt að hafa á sér eptir öllum mannlegum lögum. Elskubróðir, segðu mér hið fyrsta, hvort þau á Sleitustöðum fara eða ekki. Guð gæfi, að það yrði ekki. Séra Ólafur í Viðvík skrifaði mér, að myndu þau fara, og hefðu öldungis ekki ráðgert neitt við sig, enda færi systir mín *nauðug*. Þetta er hróplegt og get ekki [svo] um annað hugsað. Af börnunum sé eg mest eptir Siggu, því hana þekki eg bezt; en eg sé eptir þeim öllum, og græt, þegar eg hugsa til þessa. . . .

Höfn 15. ágúst 1876.

Elskulegi bróðir!

Eg bið Guð, og vona að hann láti þér og ykkur líða vel, eins og hann hefir gert. Eg er líka mjög spentur eptir að vita, hvort þau á Sleitustöðum hafa [svo] til Ameríku eða ekki. Skrifaðu mér það hið fyrsta elsku bróðir, og eins ef nokkuð hefir orðið eptir af börnunum. Sömuleiðis þætti mér gaman að vita, hverjir af kunningjum mínum hefðu farið austan vatnanna. Indriði hefir fengið nöfn þeirra að vestanverðu. . . .

Eg sendi þér Skírni minn í sumar. Hvernig líst þér á hann? Matthías segir í Þjóðólfi, að hann sé „einkar laglega og skipulega saminn“. Það þykir mér gott að heyra. . . .

¹ Sigtryggur Jónasson (1852-1942) útflutningsstjóri og kaupmaður.

Safnamál . 31

Höfn 25. sept. 1876.

Elskulegi bróðir!

— — —
Eins og þú færir mér góðar fréttir í bréfi þínu, elskul. bróðir, eins færir þú mér um leið slæmar. . . . Önnur fregnin, sem kom mér illa, var sú að Björn og Sigríðr væru farin til Vestrheims. Mikil ógn eru að vita til þess fyrir okkr skyldmennin, því eg er því miðr sannfærðr um að þau hafi ekki skipt um til betra. En nóg um það. Mér þykir lakast að þau ekki skrifuðu mér áðr en þau fóru, því að eg bað þau um það. Eg þekki nefnil. síra Jón Bjarnason, sem eflaust er helztr af löndum vorum þar vestra, og mundi hafa verið þeim innan handar, ef hann hefði vitað af þeim og eg getað skrifað honum. Ef þú fær bréf frá þeim, og þau gefa þér utanaskriptina, þá sendu mér afskrift [svo] af henni svo eg geti skrifað þeim.

Höfn 6. nóvember 1876.

Elskaði bróðir!

— — —
Það er næstum með kinnroða að eg tek við öllu þessu, elskulegi bróðir, því vita má eg, hvað bágt þú munir eiga með allt þetta. Tekjur þínar eru ekki svo miklar, og eg er opt hugsandi út af því, elskulegi bróðir, að eg skuli einmitt verða til að hnekkja velmegun ykkar, sem eg elska eða gera mitt til þess, að svo verði. Eg vonast nú samt eptir að koma til að standa mig betr en hingað til . . . í vor fæ eg að líkindum nokkurn styrk úr sjóði þeim, sem kendr er við Árna Magnússon . . . Nefndin á svo að velja 2 menn til að starfa að þessu [þ.e. að gefa út fornrit] og á þar að fara eptir duglegleik og efnahag . . . Nú um langan aldr hafa þeir haft þetta Gísli Brynjúlfsson og Eiríkr Jónsson, en fer Gísli frá í vor, og þá hefi eg hér um bil vissa von um að komast að. Margir verða raunar til að sækja, en nefndin eða háskólakennararnir, sem stýra sjóðnum, hafa helzt auga á mér,

Safnamál . 32

eptir því eg hefi heyrt sagt. Það sem allra bezt er af þessu, er það, að eg þarf ekki að vinna framar en eg vil fyrir laununum, og þar að auk eykr þetta álit mitt talsvert. . . .

Höfn 27. febr. 1877.

— — —
Claessen¹ hefi eg lært að þekkja síðan hann kom hingað. Það er bezti drengur, og um Kristínu vil eg ekki tala. Hana tel eg sem nokkurs konar systur mína og ber einlæga vináttu til hennar. Eg hefi opt komið til þeirra, og stundum verið þar í heimboðum. Halldór bróðir Kristínar er nú í Ameríku og kemr í vor. Hann hefir skrifað mér og sagt mér frá ferðinni vestr. Hún gekk þolanlega, en þó fremur slörkulega fyrir Vestrfara þá, sem hann var með. Sigríðr systir okkar var þá komin á undan. Ekki vildi hann eða gat skrifað mér neitt greinilega um hana og hennar hagi. En hann sagði mér þó nóg til þess að fá hugmynd um hagi hennar. Þegar [svo] skildi við hana, skildi hann við hana — grátandi. Eg hefi lengi búizt við illu, og þetta kom mér als ekki á óvart, þótt þungt og hryggilegt sé fyrir oss systkini og vandamenn. Þau áttu aldrei að vera að ráðast í þetta, hann kominn næstum að fótum fram, öll börnin ung, og þau gátu aldrei dæmt þær afleiðingar, sem þetta tiltæki getr haft á framtíð barnanna. . . . Eg vil nú hætta að tala um þetta. Eg get það ekki, en það er alt saman það hardasta, sem fyrir mig hefir komið í mínu lífi. Guð gæti hamingju vor allra. . . .

Hér í bænum er nú einn maðr, sem þú kannast [við]. Hann heitir Jón Ólafsson, fyrrum útgefandi Baldrs og Göngu-Hrólf. Hann er að drífa sér upp prentsmiðju, og gengr vel. Hann ætlar nú þessa dagana heim, og ætlar að setja sig niðr á Eskifirði og gefa þar út blað, sem á að heita „Skuld“ („ókomni tíminn“). Jón er bezti drengur og vel fær til allra hluta, og góðr kunningi minn . . .

¹ (Jean) Valgard Claessen (1850-1918) kaupmaður á Sauðárkróki, síðar ríkisféhirðir, Reykjavík. Fyrri kona hans var Kristín Briem frá Reynistað.

Safnamál . 33

Höfn 13. apríl 1877.

— — —
Þú talar um kvennaskólamálið, því máli er eg mjög mikið með-
mæltr, því mikil hörmung er að sjá, hvernig stúlkur hafa verið
settar hjá á Íslandi. Þær einar þurfa enga mentun hvorki til munns
né handa, nema láta í askana. Svona er alþýðuálitið eða svona hefir
það verið hjá oss. En sannleikrinn og sanngirnin, stefna tímanna og
margar orsakir aðrar, heimta, að *eigi* að komast upp og verða
fullkomnir jafnokar karla í öllum eignum. Fyrsta stigið til þessa álit
eg kvennaskóla, þar sem ungum konum og meyjum gefist kostur á
að [ná]¹ nokkurn veginn sæmilegri mentun til munns og handa. . . .
Ekki álit eg þó rétt, að [Eyf.]¹ og Skagf. slái saman. Það er ekki af
neinum sýslukrit fyrir mér, heldr hinu, að fáir Skagf. verða til að
senda dætr sínar norðr, og ef það er rétt tilgáta, álit eg fé Skagf. að
miklu leyti kastað á glæ. . . .

Höfn 15. maí 1877.

— — —
Nú fer Díana í fyrramálið af stað heim . . . Eg talaði um við þig í
seinasta bréfi mínu, að mig langaði til að senda eitthvað af ónýtum
fötum með henni, en það varð minna en eg bjóst við. Karlar og
kerlingar, sem þjóna oss hér á Garði, stela vanalega öllu þess konar
sem það [svo] getr hönd á fest. . . .

Höfn 28. febr. 1878.

— — —
Eg les nú það sem eg get, og færast smám saman nær og nær prófi,
enda er vera mín hér á Garði bráðum á enda. Konráð frændi

¹ Handr. er gallað, étid á jöðrum.

Gíslason er mér mjög vænn og hefir boðið mér til sín, þegar eg fer út
af Garði, ef hann lifir þá. Þetta er samt ekki á neinna manna vitorði
enn, og eg vil því biðja þig að láta það ekki fara í hámaeli. Eg er
mjög glaðr yfir því, eins og þú getr nærri. . . .

Höfn 24. sept. 1878.

— — —
Mér líðr allbærilega, elsku bróðir. Raunar misti eg svokallað
kommúnitet nú, það eru 32 krónur á mánuði hverjum, en eg hefi þó
ekki fundið svo mjög til þess enn. Hálfvegis kvíði eg þó nú fyrir
vetrinum, því aldrei hefi eg haft eins lítið að lifa af sem nú, og varla
veit eg hvar það lendir, en eg hefi sterkt traust á hamingju minni og
vona, að allt gangi vel. . . . Eitt er þó sem eg gleð mig við geti eg lifað
í vetr, og það er, að Konráð frændi minn Gíslason hefir lofað mér að
styrkja mig að sumri; fyr getr hann það ekki, vegna húsrúms og
margs annars. Hann er mér hinn bezt frændi. . . .

Hver er maðurinn?

Ekki þarf að fara mörgum orðum um „myndagáturnar“ í Safnamálum í fyrra (1986): Engar ráðningar bárust.

Eini nafngreindi ljósmyndarinn, sem myndir birtast nú eftir, er Daníel Davíðsson. Hann tók myndirnar nr. 207-227. Aðrar myndir eru ómerktar.



Daníel Davíðsson.

Daníel Davíðsson (1872-1967), síðast bóndi í Syðri-Ey á Skagaströnd, Húnavetningur að ætt, nam ljósmyndagerð á Akureyri um aldamótin. Hann settist árið 1902 að á Sauðárkróki og hóf þegar ljósmyndun og stundaði sem aðal- atvinnu, tók manna-, umhverfis- og atburðamyndir. Hann hafði bilast í baki, þóldi því ekki erfiðisvinnu og lagði því þenna starfa fyrir sig. Talsverða atvinnu kvaðst

Daníel hafa haft við ljósmyndasmíðarnar, þótt naumlega hrykki til lífsviðurværis. Hann ferðaðist mikið um sýsluna til myndatöku, með koffortahest í taumi og varð kostnaðarsamt.

Árið 1908 réðst hann í að reisa sér steinhús úr steyptum mótasteinum, hið fyrsta sinnar tegundar á staðnum. Hann naut þeirra verka sinna skamma hríð, varð að víkja burt úr húsinu 1909. Þar settist að gamall kennari hans Jón Jónsson Dahlmann, bjó þar í tæp tvö ár og stundaði ljósmyndagerð. Eftir hann bjó Jón Pálmi Jónsson ljósmyndari í húsinu og vann þar að iðn sinni. Í desember 1914 keypti Pétur Hannesson frá Skíðastöðum að honum og opnaði vorið eftir ljósmyndastofu þar og starfrækti hana fram á árið 1928.

Það er frá Daníel ljósmyndara að segja, að hann hraktist 1909 í Breiðstaði í Gönguskörðum, örreytiskot. Í kofunum þar tókst honum ekki að verja filmusafn sitt skemmdum, og glataðist það allt. — Iðn sína stundaði hann aðeins í rúm sjö ár.

K. B.



207



208



209



210



211



212



213



214



215



216



217



218



219



220



221



222



223



224



225



226



227



228



229



230



231



232



233



234



235



236



237



238



239



Minningarkort

Fræðasjóðs
Skagfirðinga
fást í

Safnahúsinu
við Faxatorg,

Verzlun Haraldar
Júlíussonar

og hjá

Kára Jónssyni,
Smáragrund 16



útlán

BÓKASAFNIÐ

Mánudaga	kl. 4.00— 7.00	s.d.
Þriðjudaga	kl. 4.00— 7.00	s.d.
Miðvikudaga	kl. 4.00— 7.00	s.d.
Fimmtudaga	kl. 7.30—10.00	s.d.
Föstudaga	kl. 2.00— 6.30	s.d.

Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

er opið til afgreiðslu

Mánudaga	kl. 1.00— 4.00	s.d.
Fimmtudaga	kl. 8.00—10.00	s.d.
Föstudaga	kl. 2.00— 6.00	s.d.



SAFNAHÚS
SKAGFIRÐINGA